

Nd.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfriður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Fullir dagpeningar fyrir einstakling skulu jafngilda lágmarkslaunum ófaglærðs verkafólks fyrir 8 stunda dagvinnu eins og þau eru á hverjum tíma. Að auki skal greiða 4% af framangreindum launum fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

2. gr.

Í c-lið 2. mgr. 51. gr. laganna falli niður orðin „vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrsta grein þessa frumvarps fjallar um hækkun sjúkradagpeninga sem sjúkrasamlög greiða ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára, veikist og verður algjörlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sjúkradagpeningar fyrir einstakling nemi sömu upphæð og lágmarkslaun ófaglærðra á hverjum tíma og verði jafnháir greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Greiðslur vegna barna undir 18 ára aldri eru einnig færðar til samræmis við greiðslur vegna barna úr þeim sjóði.

Sjúkradagpeningar hafa um árabil verið svo lág upphæð að erfitt er að skilja hvernig tekjulausum einstaklingi er ætlað að draga fram lífið af þeim. Frá 1. október 1987 fær maður, sem orðið hefur tekjulaus vegna veikinda, 346,93 kr. á dag eða **10 407,90 kr. á mánuði**. Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri eru greiddar 94,14 kr. á dag eða 2824,20 kr. á mánuði. Hvert mannsbarn hlýtur að geta gert sér í hugarlund hvernig staða fjölskyldumanns verður í því tilviki ef veikindi ber að höndum, ekki síst þegar litið er til þeirra fjárskuldbindinga sem allflestar fjölskyldur hafa á herðunum.

Við gerð kjarasamninga hefur verið viðurkennt að 29 975 kr. á mánuði séu nú lágmark þess sem unnt er að komast af með sér til viðurværis. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er tryggt að við atvinnumissi hafi bótaþegi lágmarkslaun verkafólks sér til framfærslu. Lög um almannatryggingar eru hins vegar löngu úrelt orðin hvað sjúkradagpeninga varðar og bótaupphæðir í engu samræmi við tilgang laganna sem hlýtur að hafa verið sá að tryggja þeim afkomu sem af einhverjum ástæðum geta ekki gert það með vinnu sinni. Hvergi í almannatryggingakerfinu er ástandið í líkingu við þau bágindi sem þeim eru boðin sem veikst hafa og orðið hafa óvinnufærir og eiga ekki rétt á öðru en sjúkradagpeningum meðan þeir eru undir læknishendi. Er með öllu ósæmandi að við svo búið standi.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nokkurri lækkun greiðslna vegna barna og er það gert til samræmis við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, þ.e. 4% lágmarkslauna fyrir hvert barn undir 18 ára aldri. Við gerð þeirra laga var litið til þess að barnmargar fjölskyldur hefðu ekki meira milli handanna þegar fyrirvinna veiktist en vinnutekjur hennar voru áður. Er það

raunar í samræmi við grunnhugmyndina að baki almannatryggingakerfisins sem er að réttur til tryggingabóta verði aldrei til að letja menn til vinnu. Það er auk þess fullkomlega eðlilegt að framfærsluþörf sé metin sú sama hvort sem maður missir vinnu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Upphæð sjúkradagpeninga er ljótur blettur á því félagslega öryggi sem almannatryggingakerfinu er ætlað að veita og brýn þörf á að úr verði bætt. Það væri verðugt verkefni fyrir nýkjörið Alþingi, sem nú hefur störf, að má hann burt. Kjör sjúklinga, sem undir læknishendi eru og eiga ekki kost á öðrum tryggingum en sjúkradagpeningum, eru langt frá öllu velsæmi.

Önnur grein frumvarpsins er til þess flutt að numið verði úr gildi það ranglæti sem nú viðgengst að mæðralaun skerði sjúkradagpeninga hafi foreldrið, sem þeirra naut, verið heimavinnandi. Hlýtur hverjum manni að vera ljóst að hér er svo til eingöngu um að ræða maður með svo mörg börn að útivinna með tilheyrandi barnagæslukostnaði er ekki framkvæmanleg. Þessar konur reyna því að komast af á meðlögum og mæðralaunum. Verði konan veik skerðast sjúkradagpeningar sem mæðralaununum nemur. Hafi kona hins vegar unnið úti heldur hún óskertum dagpeningum. Starfsfólk sjúkrasamlaga hefur ítrekað bent á þetta óréttlæti án árangurs.

Að öðru leyti telja flutningsmenn ekki þörf á frekari skýringum.

Frumvarpið var áður flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt með þeirri breytingu sem felst í 2. gr. þess. Er þeirri grein nú bætt við hið fyrra frumvarp samkvæmt ótal ábendingum starfsfólks sjúkrasamlaganna.